

## Úrskurður nr.12/2010.

**Kærð er ákvörðun Tollstjóra um synjun á endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ökutæki sem flutt var úr landi. Kærandi krefst þess að ákvörðun Tollstjóra verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda.**

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags 8. nóvember 2010, sem barst nefndinni þann 24. s.m. kærir A., úrskurð Tollstjóra nr. 15/2010. Í hinum kærða úrskurði synjaði tollstjóri kæranda um endurgreiðslu aðflutningsgjalda af bifreið sem var flutt út til Bandaríkjanna á íslenskum skráningarnúmerum. Kærandi krefst þess að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og honum endurgreidd aðflutningsgjöldin.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að kærandi byggji kröfu sína um endurgreiðslu á því að skilyrði fyrir endurgreiðslu vörugjalda og virðisaukaskatts hafi verið uppfyllt. Hann hafi aflað sér upplýsinga hjá embætti tollstjóra varðandi afskráningu bifreiðarinnar ef afhending til skipafélagsins myndi eiga sér stað fyrir áramót, og jafnframt hvort hægt væri að senda skráningarnúmerin (númeraplöturnar) í pósti um leið og búið væri að skrá bifreiðina erlendis. Hann hafi fengið þær upplýsingar að þessi framgangsmáti væri viðtekin venja hjá embættinu og að engin vandamál fylgdu þessari framkvæmd. Nægjanlegt væri að hafa staðfestingu skipafélagsins á að hafa tekið við bifreiðinni til flutnings fyrir áramót. Starfsmaður embættisins hafi sérstaklega kannað málið og beðið kæranda að hringja þann 4. desember 2009, en þá hafi embættið staðfest að það væri í lagi að senda númeraplötur bifreiðarinnar eftir áramót. Kærandi hafi flogið til Boston þann 6. janúar 2010, tekið við bifreiðinni og ekið henni til Kirksville, Missouri. Er skráningarnúmer bifreiðarinnar bærust í almennum pósti frá Kirksville hafi eiginkona kæranda lagt þau inn hjá Aðalskoðun í Hafnarfirði þann 2. febrúar 2010, og bifreiðin verið afskráð. Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðin var skráð í Kirksville þann 12. janúar 2010.

Í hinum kærða úrskurði er síðan rakið að með lögum nr. 140/2008 hafi bæst ný ákvæði til bráðabirgða við lög um vörugjald af bifreiðum nr. 29/1993 og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Ákvæðin tóku gildi þann 15. desember 2008. Samkvæmt þeim sé heimilt að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af vélknúnum ökutækjum sem flutt séu úr landi. Heimild til endurgreiðslu gjaldanna gildi til og með 31. desember 2009 og annaðist Tollstjórinn í Reykjavík endurgreiðsluna. Í reglugerð nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutækjum sem flutt eru úr landi sé að finna nánari útfærslu á bráðabirgðaákvæðunum.

Kærandi telur að embætti Tollstjóra hafi brugðist skyldum sínum til að leiðbeina honum og veita sér fullnægjandi upplýsingar og því beri að fallast á kröfu hans um endurgreiðslu gjaldanna.

Ágreiningur í málinu snýst samkvæmt framansögðu í fyrsta lagi um hvort skilyrði laganna til endurgreiðslu séu uppfyllt og í öðru lagi hvort embætti tollstjóra hafi uppfyllt skyldu sína til upplýsinga og leiðbeininga kæranda.

Samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum til bráðabirgða er skilyrði endurgreiðslu að ökutækið hafi verið afskráð og flutt úr landi, sbr. einnig 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Í 2. tl. 2. mgr. 3. gr.

reglugerðarinnar er kveðið á um að skilyrði fyrir endurgreiðslu sé að skráningarnúmer ökutækis skuli hafa verið afhent Umferðarstofu, ökutækið afskráð til nota hér á landi og að fyrir liggi upplýsingar þar að lútandi við afgreiðslu umsóknar um endurgreiðslu hjá tollstjóra. Reglan hafi því verið sú að bifreiðar skyldu afskráðar áður en þær voru sendar úr landi.

Í því máli sem hér liggur fyrir var bifreiðin flutt úr landi þann 11. desember 2009. Með bréfi, dags. 11. janúar 2010, hafnaði embætti Tollstjóra umsókn kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts og vörugjalds. Bifreiðin var skráð hjá bandarískum yfirvöldum þann 12. janúar 2010 og afskráð hjá Umferðarstofu þann 2. febrúar 2010. Skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. fyrrgreindum ákvæðum til bráðabirgða og ákvæðum reglugerðar nr. 1144/2008 voru því ekki uppfyllt að mati Tollstjóra. Þá fellst Tollstjóri ekki á það með kæranda að fella beri ofangreinda ákvörðun úr gildi á þeim grundvelli að upplýsingagjöf embættisins hafi verið ábótavant. Fullyrðing kærandi um að honum hafi verið veittar þær upplýsingar að nægjanlegt væri að bifreið hefði verið skilað til farmflytjanda fyrir áramót, styðjist ekki við nein gögn svo sem upplýsingar um hvaða starfsmaður embættisins veitti þessar upplýsingar. Ofangreind skilyrði reglugerðarinnar kveða skýrt á um að ökutæki skuli afskrá hér á landi áður en það er sent úr landi. Í ákveðnum tilfellum hafi undanþága þó verið veitt frá þessari reglu, til að gera eigendum kleift að flytja ökutæki sín erlendis, að því tilskildu að gengið yrði frá skráningu bifreiðarinnar erlendis og afskráningu héraðs svo fljótt sem auðið var. Aðrar upplýsingar en þessar hafa ekki verið gefnar af starfsmönnum embættisins.

Þar sem kærandi hefur ekki fært fram nein gögn eða rök, svo sem nöfn og nákvæma tímasetningu, til stuðnings fullyrðingu sinni um efni upplýsingar sem hann kveðst hafa fengið hjá starfsmönnum embættisins, fellst tollstjóri ekki á að hann hafi verið veittar rangar upplýsingar varðandi framkvæmd umsóknar um endurgreiðslu. Ennfremur sé ljóst að embættið hafi ekki brotið ákvæði um upplýsingar og leiðbeiningar skv. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Tollstjóri telur því að rétt hafi verið staðið að málinu af hálfu embættisins með því að hafna ofangreindri umsókn um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts með vísan til ákvæðis til bráðabirgða nr. XI í lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og ákvæði til bráðabirgða nr. XIII í lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Með vísan til þessa og 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 með síðari breytingum, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af vélknúnum ökutækjum, staðfesti tollstjóri því fyrri ákvörðun sína, dags. 11. janúar 2010, um synjun umsóknar um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af bifreið með fastanúmer AT-S82 sem flutt var úr landi þann 11. desember 2009 með sendingu nr. E REY 11 12 9 IS REY W059, sé staðfest.

Í kæru sinni til ríkistollanefndar kemur fram að kærandi hafi ákveðið að flytja búferlum til Bandaríkjanna vegna atvinnu og eignamissis í kjölfar efnahagshrunsins hér á landi. Bifreið sú sem hér er til umfjöllunar er af gerðinni Ford Explorer og bar skrásetningarnúmer AT-S82.

Í kærinni ítrekar kærandi að hann hafi fengið þær upplýsingar hjá tollstjóra að ef bifreiðin yrði afhent skipafélaginu, sem annaðist útflutning hennar fyrir árslok 2009 þá væri í lagi að senda skráningarnúmerin hingað til lands í pósti um leið og búið væri að skrá bifreiðina erlendis. Hafi starfsmenn tollstjóraembættisins tjáð honum að þetta verklag væri iðulega viðhaft og því fylgdu engin vandkvæði. Nægjanlegt væri að fyrir lægi staðfesting skipafélags á útflutningi bifreiðarinnar.

Kærandi tekur jafnframt fram að ef hann hefði verið í einhverjum vafa um að þetta verklag hafi ekki verið í lagi hafi honum verið í lófa lagið að taka númerin af bifreiðinni og skila þeim inn áður en hún var flutt út þó það hafi getað kostað auka umsýslu við skráningu hennar í Norfolk. Kærandi biður um réttláta meðferð í þessu máli þar sem þetta skipti miklu máli fjárhagslega fyrir hann og fjölskyldu hans.

Kærandi krefst þess að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og honum verði endurgreidd aðflutningsgjöld.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 10. nóvember 2010 og honum veittur frestur til að skila umsögn um kærana til 15. desember 2010. Umsögn tollstjóra barst nefndinni innan tiltekins tímafrests. Í umsögn tollstjóra um kærana segir m.a. að hinn kærði úrskurður hafi verið dagsettur 13. ágúst og sendur kæranda í ábyrgðarpósti þann 17. ágúst 2010. Samkvæmt upplýsingum Íslandspósts var bréfið sett í heimkeyrslu þann 18. ágúst 2010, sbr. tölvupóst dags. 8. desember 2010. Þar kemur fram að enginn var viðstaddur til að taka við bréfinu á skráðu heimili kæranda. Tilkyrningin hafi því verið skilin eftir á heimili kæranda og hún ítrekuð þann 26. ágúst 2010. Bréfið var endursent sendanda 9. september 2010 þar sem það hafði ekki verið sótt. Úrskurðurinn var póstagður að nýju með ábyrgðarpósti þann 1. október 2010, sbr. límíði á umslagi sem kærandi leggur fram.

Þá segir í umsögn tollstjóra að kærufrestur vegna úrskurðar tollstjóra til ríkistollanefndar séu 60 dagar frá póstagningardegi úrskurðar, sbr. 1. mgr. 118. gr. tollalaga. Þar sem bréfið hafi verið póstaggt í fyrsta skipti þann 17. ágúst 2010 hafi kærufrestur runnið út mánudaginn 18. október 2010. Kæra er dagsett þann 5. nóvember 2010 eða eftir að frestur til kærna var útrunninn. Það er á ábyrgð kæranda að sjá til þess að honum berist póstur sé hann ekki viðstaddur á heimili sínu.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði var það skilyrði fyrir endurgreiðslu til kæranda að ökutækið hafi verið afskráð og flutt úr landi, sbr. ákvæði til bráðabirgða við lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl. nr. 29/1993 og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sem og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutækjum sem flutt eru úr landi. Að auki er í 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kveðið á um að skráningarnúmer ökutækis skuli hafa verið afhent Umferðarstofu og ökutækið afskráð til nota hér á landi og að upplýsingar þar að lútandi liggi fyrir við afgreiðslu umsóknar um endurgreiðslu.

Framangreind ákvæði ber að mati tollstjóra að túlka þröngt í samræmi við viðtekna lögskýringarreglu þegar um undanþágu skatta er að ræða. Þrátt fyrir þetta var sú afstaða tekin af hálfu embættis tollstjóra að heimila útflytjendum í ákveðnum tilvikum að flytja bifreiðar sínar úr landi á íslenskum skráningarnúmerum í því skyni að koma til móts við útflytjendur og auðvelda þeim flutning til útlanda. Slíkar undanþágur voru þó aðeins gerðar að því tilskildu að ökutækin væru afskráð hjá Umferðarstofu án tafar.

Tollstjóri bendir á að bifreiðin hafi verið flutt úr landi þann 11. desember 2009. Samkvæmt upplýsingum farmflytjanda kom sendingin, með sendingarnúmer E REY 11 12 9 IS REY W059, á áfangastað í Everett í Bandaríkjunum þann 21. desember 2009, sbr. meðfylgjandi afrit af flutningsreikningi frá farmflytjanda. Rétt er að benda á að númer sendingar breyttist frá því sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, en skv. þeim upplýsingum sem lágu fyrir þegar úrskurðurinn var kveðinn upp var númer sendingarinnar E REY 11 12 9 IS REY W073. Bifreiðin var skráð hjá bandarískum yfirvöldum þann 12. janúar 2010 en afskráð hjá Umferðarstofu þann 2. febrúar 2010 eða tæplega tveimur mánuðum eftir að hún var flutt úr landi. Þar af leiðandi hafi skilyrði fyrir endurgreiðslu ekki verið uppfyllt.

Tollstjóri krefst þess að hinn kærði úrskurður nr. 15/2010 verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send umboðsmanni kæranda til umsagnar í ábyrgðarpósti þann 14. desember 2010. Var kæranda gefinn frestur til að tjá sig um greinargerð Tollstjóra til 6. janúar 2011. Engin svör frá umboðsmanni kæranda bárust.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Svo sem rakið hefur verið hér að framan er deilt um hvort kærandi eigi rétt á endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ökutækinu með fastanúmer AT-S82 sem flutt var úr landi þann 11. desember 2009 með sendingu nr. E REY 11 12 9 IS REY W059.

Mál þetta snýst um útflutning á bifreiðinni AT-882 og endurgreiðslu á gjöldum af henni skv. ákvæðum til bráðabirgða um breytingu á lögum um vörugjald nr. 29/1993 og lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 sbr. og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutækjum sem flutt eru úr landi. Tollstjóri hafnaði beiðni kæranda um endurgreiðslu með þeim rökum að útflutningi hafi ekki verið staðið í samræmi við lög og reglur.

Þá bendir tollstjóri á að kæra til ríkistollanefndar hafi ekki borist innan tilskilins lögbundins 60 daga frests. Allt að einu gerir tollstjóri ekki kröfu um frávísun máls af þessum ástæðum.

Tollstjóri rekur hvernig birting úrskurðar hans fór fram fyrir kæranda. Nefndarmenn fallast á það með tollstjóra að tilgreindur 60 daga frestur var liðinn þegar kæra kæranda til ríkistollanefndar átti sér stað. Það liggur hins vegar jafnframt fyrir að kærandi var fluttur af landi brott þegar úrskurður tollstjóra var sendur honum á lögheimili hans hér á landi. Í ljósi þess að Tollstjóri krefst ekki frávísunar af þessum ástæðum og hvenær úrskurður var sannanlega birtur kæranda mun ríkistollanefnd taka málið til efnislegs úrskurðar.

Fallast má á það með tollstjóra að ekki var staðið að útflutningi ökutækisins AT- 882 með þeim hætti sem lög og reglur gera ráð fyrir, sbr. einkum það bar að afskrá ökutækið áður en það var flutt af landi brott. Tollstjóri bendir hins vegar á það í sínum málflutningi að í nokkrum tilfellum hafi endurgreiðsla átt sér stað enda þótt ökutæki hafi ekki verið afskráð við útflutning, ef afskráning fór fram jafnskjótt og auðið var eftir útflutning. Tollstjóri hefur m.a. staðfest að í nokkrum tilvikum sem þessum hafi embætti hans fallist á endurgreiðslu þegar viðkomandi bifreið er afskráð hérlendis í beinu framhaldi af skráningu hennar erlendis.

Þó fallast megi á að skráning í nýju landi og afskráning hér á landi hefði getað gengið hraðar fyrir sig í máli þessu er hins vegar ekki hægt að fallast á mat tollstjóra að þetta ferli hafi dregist í næstum tvo mánuði. Nær er að tala um tvær til þrjár vikur, þ.e. tímabilið frá 12.-16. janúar til 2. febrúar 2010. Fyrir liggur í málinu að umrædd bifreið var komið fyrir í vörslu flutningsaðila hinn 11. desember 2009 og flutt úr landi hinn 21. s.m. Hún var skráð hjá yfirvöldum í USA hinn 12. janúar 2010 og afskráð hjá Umferðarstofu hinn 2. febrúar 2010. Að mati nefndarinnar er hér ekki um óeðlilegan drátt að ræða.

Óumdeilt er í málinu að bifreiðin var flutt úr landi fyrir árslok 2009. Bifreiðin var sannanlega komin á afmarkað tollsvæði farmflytjanda fyrir greind tímamörk því þá var ekki lengur unnt að nota bifreiðina hér á landi. Þegar þetta er virt, svo og tilgangur laga nr. 140/2008 auk fordæmisáhrifa ákvarðana tollstjóra um að endurgreiða aðflutningsgjöld í

sambærilegum tilvikum er það mat ríkistollanefndar að fallast beri á kröfu kæranda um endurgreiðslu gjalda af bifreiðinni AT- 882 í samræmi við tilvitnuð lög.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og lög um vörugjald nr. 29/1993, lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 sbr. og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutækjum sem flutt eru úr landi er hinn kærði úrskurður Tollstjóra nr. 19/2010 felldur úr gildi. Útflutningur á bifreiðinni AT-882 fellur undir tilvitnaða lagaheimild sbr. lög 140/2008 og ber að endurgreiða kæranda umrædd gjöld.